Fréttamoli
Hólabrekkuskóla



Lýðræðisdagar
23. - 26. nóvember

Mánudag til miðvikudags vinna nemendur þvert á árganga ýmis verkefni til að efla lýðræði í skólastarfinu, rýna í gildi skólans og skólareglur. Barnasáttmálinn fléttast inn í vinnuna ásamt ýmsum spennandi verkefnum.
Skóladagurinn þessa þrjá daga er frá kl. 8:30 - 13:40 hjá 1. - 10.b.

Fimmtudaginn 26. nóvember bjóðum við foreldrum í heimsókn frá kl. 8:30 - 9:30 til að skoða afrakstur vinnu nemenda. Þennan dag tökum við einnig stolt við viðurkenningu Réttindaskóla UNICEF og verður athöfn á sal skólans kl. 9:15. Skóladegi lýkur kl. 12.00 nema fyrir nemendur sem eru skráð í frístund.
Föstudaginn 27. nóvember er samstarfsdagur og enginn skóli.

Hagnýtar upplýsingar

Ýtið á tenglana

- Starfsáætlun
- Innra mat skólans

Upplýsingar

411-7550
www.holabrekkuskoli.is
holabrekkuskoli

Fréttamoli
Hólabrekkuskóla



Húsnæðismálin

Ekkert nýtt að frétta! Framkvæmdir í húsi 3 ganga mjög vel og við krossleggjum fingur að veður haldist gott svo hægt sé að klára húsið að utan. Annars allt á tíma og hús 3 ætti að vera klárt um næstu jól.

Aðventan

Við höldum skipulagi á aðventunni að mestu en munum fá til okkar jólabókaupplestur, jólaleikrit o.fl. til að gera okkur glaðan dag.

Síðasti dagur fyrir jólaleyfi er föstudagurinn 18. desember.